



Skrifar ástarsögu um leiðtogafundinn í Höfða

Höfundur: Gunnar Gunnarsson • Skrifað: 06. desember 2022.

Steinunn Ásmundsdóttir, fyrrum ritstjóri Austurgluggans og blaðamaður Morgunblaðsins á Austurlandi, hefur sent frá sér nýja skáldsögu sem hverfist í kringum leiðtogafund Ronalds Reagans og Mikhails Gorbatjovs í Reykjavík haustið 1986.

Sagan heitir einfaldlega „Ástardaga“ gerist á fimm dögum í kringum fundinn og næstu fimm ár þar á eftir, á meðan hlutirnir eru til lykta leiddir eftir fundinn.

Aðalpersónurnar eru ungt stúlka í Reykjavík og franskur fréttaljósmyndari sem falla hvert fyrir öðru í aðdraganda

fundarins.

Sagan inniheldur bæði lýsingar á lífinu í Reykjavík á þessum tíma sem fór á annan endann yfir fundinum. Þar eru snúrusímar og ritvélar, höft og kreddur en síðast en ekki síst kalda stríðið í algleymingi með tilheyrandi kjarnorkukvíða og stórveldaslag.

Þetta er áttunda bók Steinunnar sem áður hefur sent frá sér sex ljóðabækur og sannsöguna Manneskjusaga. Steinunn gefur bókina út sjálf undir merkjum Yrkis og er hún til bæði á sem rafbók og hljóðbók.

Góðar fréttir
í jólagjöf

Gjafabréf
í áskrift
á frábæru
verði

Gjafabréf í jólagjöf



austur glugginn

VIÐ
LESUM
SAMAN